



## 10. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar fimmtudaginn 26. janúar 2017 kl. 12:00

**Mættir voru:** Reynir Atli Jónsson, Vikar Már Vífilsson, Oddný S. Kristjánsdóttir, Guðmundur Björnsson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá fundar:

#### 1. Landsáætlun ferðamannastaða, drög að áætlun 2017.

Lögð eru fram landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum skv. bráðabirgðaákvæði við lög nr. 20/2016. Um er að ræða drög að skammtímaáætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Skammtímaáætlun er frábrugðin þeim langtímaáætlunum sem löggin kveða á um og megintilgangur hennar er einungis að setja fram áætlun um verkefni á árinu 2017. Vinnu við hana var jafnframt skammtaður afar knappur tími sbr. fyrirmæli bráðabirgðaákvæðis laganna.

Einnig er fram lögð tillaga að þeim verkefnum sem lögð verði áhersla á nú, tillagan er unnin af sveitarstjóra og Grétu Bergrúnu.

**Bókun:** Nefndin samþykkir fyrir sitt leiti framlagða tillögu að verkefnum. Einnig leggur nefndin það til við sveitarstjórn að farið verði í greiningu á mögulegum viðkomustöðum ferðamanna í sveitarfélaginu og þörf á framkvæmdum þar.

Samþykkt samhljóða.

#### 2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 12:50